# Akureyrarbær

Árshlutareikningur

## 01.01.-30.06.2024

Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri
kt. 410169-6229

# Akureyrarbær

## Árshlutareikningur

## 01.01.-30.06.2024

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra | 2 |
| Rekstrarreikningur | 3 |
| Efnahagsreikningur | 4-5 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 6 |
| Skýringar | 7 |

# Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Árshlutareikningur Akureyrarbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2024 námu 17.933 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 16.540 milljónum króna. Rekstrartekjur A hluta námu 14.270 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 13.768 milljónum króna.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,97% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,31% vegna íbúðarhúsnæðis og 1,63% vegna atvinnuhúsnæðis en lögbundið hámark þess er 0,625% og 1,65%. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var neikvæð um 72 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 1.045 milljóna króna neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 489 milljónir króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 1.294 milljónum króna. Eigið fé sveitarfélagsins þann 30. júní 2024 nam 26.951 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé A hluta 16.258 milljónum króna.

Laun og launatengd gjöld á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2024 námu alls 9.765 milljónum króna.

Árshlutareikningur Akureyrarbæjar fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2024 er tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn.

Akureyri 12. september 2024.

Bæjarstjóri:

Bæjarráð:

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar staðfestir hér með árshlutareikning Akureyrarbæjar fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2024 með undirritun sinni.

Akureyri 2024.

**Bæjarstjórn:**

# Rekstrarreikningur tímabilsins 01.01.-30.06.2024

| | | Sveitarsjóður A hluti | | | Samantekið A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Rauntölur | Áætlun | Rauntölur | Rauntölur | Áætlun | Rauntölur |
| | | 01.01.-30.06. | 01.01.-30.06. | 01.01.-30.06. | 01.01.-30.06. | 01.01.-30.06. | 01.01.-30.06. |
| | Skýr. | 2024 | 2024 | 2023 | 2024 | 2024 | 2023 |
| **Rekstrartekjur** | | | | | | | |
| Skatttekjur | | 9.122.987 | 8.832.694 | 8.445.142 | 9.079.694 | 8.796.790 | 8.416.667 |
| Framlög jöfnunarsjóðs | | 2.714.798 | 2.481.135 | 2.319.459 | 2.714.798 | 2.481.135 | 2.319.459 |
| Aðrar tekjur | | 2.432.369 | 2.454.427 | 2.376.866 | 6.138.827 | 5.262.222 | 5.505.976 |
| | 3 | 14.270.154 | 13.768.256 | 13.141.467 | 17.933.318 | 16.540.147 | 16.242.102 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 4 | (8.762.162) | (8.698.843) | (8.084.873) | (9.764.984) | (9.802.926) | (9.042.912) |
| Hækkun lífeyrisskuldbindinga | 15 | (368.943) | (440.000) | (647.481) | (377.915) | (440.000) | (682.339) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (4.324.422) | (4.641.357) | (4.063.206) | (5.455.876) | (4.956.055) | (4.912.123) |
| | | (13.455.526) | (13.780.200) | (12.795.560) | (15.598.775) | (15.198.981) | (14.637.374) |
| **Rekstrarniðurst. fyrir afskriftir** | | 814.628 | (11.944) | 345.907 | 2.334.544 | 1.341.166 | 1.604.728 |
| Afskriftir | 7 | (545.019) | (566.749) | (529.353) | (1.052.757) | (1.188.114) | (1.106.583) |
| **Rekstrarniðurst. án fjármuna-tekna og fjármagnsgjalda** | | 269.608 | (578.693) | (183.447) | 1.281.787 | 153.052 | 498.144 |
| Fjármunat. og fjármagnsgjöld | 5 | (758.766) | (715.727) | (953.850) | (1.292.619) | (1.209.404) | (1.692.960) |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir skatta og áhrifa hlutdeildarfélaga** | | (489.158) | (1.294.420) | (1.137.297) | (10.832) | (1.056.352) | (1.194.816) |
| Tekjuskattur | | 0 | 0 | 0 | (71.657) | 0 | (12.035) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | 0 | 0 | 0 | 10.716 | 10.900 | 10.098 |
| **Rekstrarniðurstaða** | | (489.158) | (1.294.420) | (1.137.297) | (71.773) | (1.045.452) | (1.196.753) |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2024

| Eignir | Skýr. | Sveitarsjóður A hluti 30.06.2024 | Sveitarsjóður A hluti 31.12.2023 | Samantekið A og B hluti 30.06.2024 | Samantekið A og B hluti 31.12.2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| **Viðskiptavild** | | | | | |
| Viðskiptavild | 8 | 0 | 0 | 1.794 | 3.587 |
| | | 0 | 0 | 1.794 | 3.587 |
| **Varanlegir rekstrarfjármunir** | | | | | |
| Fasteignir og lóðir | 7 | 31.525.865 | 31.285.965 | 35.376.220 | 34.992.973 |
| Veitukerfi, hafnamannvirki og götur | 7 | 2.020.141 | 2.089.188 | 19.511.501 | 18.973.330 |
| Vélar, áhöld og tæki | 7 | 1.228.280 | 1.363.391 | 2.392.852 | 2.513.666 |
| Leigðar eignir | 7 | 886.558 | 145.208 | 886.558 | 145.208 |
| | | 35.660.844 | 34.883.751 | 58.167.130 | 56.625.176 |
| **Áhættufjármunir og langtímakröfur** | | | | | |
| Eignarhlutir í dótturfélögum | 9 | 40.521 | 40.521 | 40.521 | 40.521 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 9 | 0 | 0 | 433.543 | 435.552 |
| Stofnframlög og eignarhlutir í öðrum félögum | 10 | 543.221 | 543.221 | 746.894 | 746.894 |
| Langtímakröfur | 11 | 1.280.247 | 1.248.768 | 1.218.750 | 1.187.942 |
| Fyrirframgreitt vegna lífeyrisskuldbindinga | | 993.122 | 1.017.312 | 993.122 | 1.017.312 |
| | | 2.857.110 | 2.849.822 | 3.432.828 | 3.428.220 |
| | | 38.517.954 | 37.733.573 | 61.601.752 | 60.056.984 |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| Vörubirgðir | | 122.887 | 124.966 | 608.521 | 571.414 |
| Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur | 13 | 2.588.299 | 2.358.169 | 3.359.535 | 2.908.565 |
| Næsta árs og gjaldf. afborganir af langtímakröfum | 11 | 84.458 | 81.501 | 81.516 | 78.722 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | | 48.381 | 48.381 | 48.381 | 48.381 |
| Kröfur á tengd félög | | 0 | 0 | 11.187 | 12.191 |
| Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki | | 1.714.618 | 1.532.103 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 242.190 | 145.932 | 352.636 | 227.158 |
| Markaðsverðbréf | | 498.537 | 488.016 | 512.441 | 501.554 |
| Handbært fé | | 2.459.121 | 2.462.364 | 2.770.617 | 2.565.797 |
| | | 7.758.491 | 7.241.432 | 7.744.835 | 6.913.782 |
| **Eignir** | | 46.276.445 | 44.975.004 | 69.346.587 | 66.970.766 |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2024

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | Sveitarsjóður A hluti 30.06.2024 | Sveitarsjóður A hluti 31.12.2023 | Samantekið A og B hluti 30.06.2024 | Samantekið A og B hluti 31.12.2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 14 | | | | |
| Eiginfjárreikningur | | 16.257.823 | 16.746.981 | 26.950.909 | 27.023.383 |
| Eigið fé | | 16.257.823 | 16.746.981 | 26.950.909 | 27.023.383 |
| **Skuldbindingar** | | | | | |
| Lífeyrisskuldbindingar | 15 | 5.941.781 | 5.833.527 | 6.402.685 | 6.286.721 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 12 | 0 | 0 | 223.621 | 218.304 |
| | | 5.941.781 | 5.833.527 | 6.626.306 | 6.505.025 |
| **Langtímaskuldir** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 16 | 16.868.556 | 16.820.090 | 27.842.364 | 27.302.980 |
| Leiguskuldir | 17 | 925.409 | 215.214 | 925.409 | 215.214 |
| | | 17.793.965 | 17.035.304 | 28.767.773 | 27.518.194 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 819.965 | 914.895 | 1.169.072 | 1.492.943 |
| Skuldir við lánastofnanir | | 0 | 0 | 75.467 | 0 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki | | 702.901 | 877.024 | 0 | 0 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 16 | 989.442 | 969.097 | 1.543.221 | 1.521.523 |
| Næsta árs afborganir leiguskulda | 17 | 95.635 | 74.573 | 95.635 | 74.573 |
| Næsta árs afborganir lífeyrisskuldbindinga | 15 | 229.286 | 225.618 | 245.592 | 241.987 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 451.710 | 335.984 | 451.710 | 335.984 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 2.993.937 | 1.962.002 | 3.420.902 | 2.257.155 |
| | | 6.282.876 | 5.359.193 | 7.001.600 | 5.924.164 |
| Skuldir og skuldbindingar | | 30.018.622 | 28.228.024 | 42.395.678 | 39.947.383 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 46.276.445 | 44.975.004 | 69.346.587 | 66.970.766 |

# Yfirlit um sjóðstreymi 01.01.-30.06.2024

| | | Sveitarsjóður A hluti | | Samantekið A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | 01.01-30.06. | 01.01-30.06. | 01.01-30.06. | 01.01-30.06. |
| | Skýr. | 2024 | 2023 | 2024 | 2023 |
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða tímabilsins | | (489.158) | (1.137.297) | (71.773) | (1.196.753) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | |
| Afskriftir | 7 | 545.019 | 529.353 | 1.052.757 | 1.106.583 |
| Hagnaður af sölu eigna | | 0 | (188) | (1.508) | (17.195) |
| Byggingarréttur | | 0 | (94.531) | 0 | (94.531) |
| Verðb. og gengism. langtímaliða | | 482.249 | 746.396 | 812.742 | 1.170.846 |
| Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga | | 0 | 0 | (10.716) | (10.098) |
| Skattskuldbinding, breyting | | 0 | 0 | 5.317 | 10.813 |
| Hækkun skuldbindinga | 15 | 368.943 | 647.481 | 377.915 | 682.339 |
| **Veltufé frá rekstri** | | 907.054 | 691.215 | 2.164.734 | 1.652.004 |
| Br. á rekstrart. eignum | | (12.766) | 111.164 | (295.380) | (280.679) |
| Br. rekstrartengdum skuldum | | 1.056.005 | 412.946 | 944.380 | 672.700 |
| Greitt vegna lífeyrisskuldbindinga | | (257.020) | (216.649) | (258.345) | (217.234) |
| **Handbært fé frá (til) rekstrar** | | 1.693.273 | 998.676 | 2.555.388 | 1.826.790 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | |
| Fjárf. í varanl. rekstrarfjárm. | 7 | (1.242.680) | (1.143.740) | (2.513.502) | (2.621.090) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna | | 8.622 | 2.080 | 12.818 | 20.988 |
| Arður frá hlutdeildarfélögum | | 0 | 0 | 12.024 | 12.248 |
| Gatnagerðargjöld | | 673.208 | 439.342 | 673.208 | 439.342 |
| Byggingarréttur | | 0 | 94.531 | 0 | 94.531 |
| Fjárf. í eignarhl. í öðrum félögum | | 0 | 0 | 0 | (29.412) |
| Markaðsverðbréf | | 0 | 0 | (367) | (365) |
| Langtímakröfur, breyting | | 41.250 | 38.508 | 39.859 | 37.265 |
| Skammtímakröfur, breyting | | (287.352) | (18.436) | (287.352) | (18.436) |
| | | (806.953) | (587.716) | (2.063.312) | (2.064.929) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Arður til hluthafa | | 0 | 0 | 0 | (2.199) |
| Afborganir langtímalána | | (532.924) | (488.669) | (762.724) | (700.916) |
| Skuldir við lánastofnanir, breyting | | 0 | 0 | 475.467 | 401.211 |
| Viðskiptar. eigin fyrirt., breyting | | (356.639) | (399.084) | 0 | 0 |
| | | (889.563) | (887.752) | (287.256) | (301.905) |
| Lækkun handbærs fjár | | (3.243) | (476.792) | 204.820 | (540.043) |
| Handbært fé í upphafi árs | | 2.462.364 | 3.217.286 | 2.565.797 | 3.485.228 |
| Handbært fé í lok tímabilsins | | 2.459.121 | 2.740.494 | 2.770.617 | 2.945.184 |
| **Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa:** | | | | | |
| Nýjar leigueignir | 7 | (764.535) | 0 | (764.535) | 0 |
| Nýjar leiguskuldir | 17 | 764.535 | 0 | 764.535 | 0 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B hluta. Til A hluta telst sveitarsjóður, sem er Aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk Aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð gatna, Fasteignir Akureyrarbæjar og Framkvæmdamiðstöð.

Til B hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru: Bifreiðastæðasjóður, Byggingarsjóður Náttúrufræðistofnunar Norðurlands, Félagslegar íbúðir, Gjafasjóður Öldrunarheimila Akureyrarbæjar, Hafnasamlag Norðurlands b.s., Hlíðarfjall, Norðurorka hf. og Strætisvagnar Akureyrar.

Árshlutareikningur Akureyrarbæjar fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2024 hefur að geyma árshlutareikning sveitarsjóðs og samantekinn árshlutareikning fyrir A og B hlutann.

Fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2024 með viðaukum er hluti árshlutareikningsins og er birt í rekstrarreikningi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekna reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð hans er fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Árshlutareikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að hluti varanlegra rekstrarfjármuna Norðurorku hf. hefur verið endurmetinn sem og lóðir og lendur hjá Eignasjóði gatna.

### Árshlutareikningur sveitarsjóðs

Árshlutareikningur sveitasjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs gatna, Fasteigna Akureyrarbæjar og Framkvæmdamiðstöðvar. Í árshlutareikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

### Samantekinn árshlutareikningur

Samantekinn árshlutareikningur tekur til sveitasjóðs og B hluta fyrirtækja þar sem eignarhlutur sveitarsjóðs er meiri en 50% í árslok. Í samantekna árshlutareikningnum eru árshlutareikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli sveitarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna árshlutareikninginn eru jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eiga sér stað.

### Viðskiptavild

Viðskiptavild er tilkomin vegna mismunar á kaupverði veitufyrirtækja og matsverði varanlegra rekstrarfjármuna þeirra. Viðskiptavild er niðurfærð á tíu árum.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga. Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra. Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda.

### Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í árshlutareikninginn miðað við verðlag og gengi í lok tímabilsins. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður meðal fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

### Tekjuskattur

Tekjuskattur vegna skattskyldrar starfsemi Norðurorku hf. er reiknaður og færður í árshlutareikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt árshlutareikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur í Eignasjóði gatna eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2009 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga, 2/2010 Færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Sveitarfélagið færir til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna Eignasjóðs gatna, lóðir og lendur sem það hefur leigutekjur af og eru þær metnar til gangvirðis, en þó eigi hærra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum. Lóðir og lendur Eignasjóðs gatna eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Eignarhlutar í félögum

Í árshlutareikningnum eru eignarhlutar í öðrum félögum færðir á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.

Í árshlutareikningnum eru eignarhlutir í hlutdeildarfélögum færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Eignarhlutar í dótturfélögum eru eignfærðir á verði sem svarar til hlutdeildar sveitarfélagsins í bókfæðu eigin fé þeirra, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeildar í eigin fé við kaup. Yfirverð er fært meðal viðskiptavildar og er niðurfært á tíu til tuttugu árum.

### Birgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði.

### Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Handbært fé

Sjóðir, bankainnstæður og peningamarkaðslán teljast til handbærs fjár.

### Eignir utan efnahagsreiknings

Lönd í eigu aðalsjóðs eru ekki færð til eignar í efnahagsreikningi. Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

### Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2023 að viðbættum uppreikningi í takt við breytingu á vísitölu lífeyrisskuldbindinga á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2024. Breyting á skuldbindingunni á tímabilinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

### Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna sé það lægra.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við 5-8,5% ávöxtunarkröfu.

### Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Engar verulegar ábyrgðir eða skuldbindingar utan efnahagsreiknings eru til staðar hjá sveitarfélaginu aðrar en þær sem getið er um í skýringu nr. 15 varðandi lífeyrisskuldbindingar.

# Skýringar

## 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | | Fjárhagsáætl. | | Fjárhagsáætl. |
| | 01.01.-30.06. | 01.01.-30.06. | 01.01.-30.06. | 01.01.-30.06. |
| | 2024 | 2024 | 2024 | 2024 |
| **Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga** | | | | |
| Útsvör | 7.690.913 | 7.377.959 | 7.690.913 | 7.377.959 |
| Fasteignaskattur | 1.432.074 | 1.454.735 | 1.388.781 | 1.418.831 |
| | 9.122.987 | 8.832.694 | 9.079.694 | 8.796.790 |
| **Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga** | | | | |
| Framlag vegna fasteignagjalda | 246.880 | 218.832 | 246.880 | 218.832 |
| Þjónustuframlag | 174.003 | 133.613 | 174.003 | 133.613 |
| Framlög vegna grunnskóla | 551.248 | 599.340 | 551.248 | 599.340 |
| Framlög vegna þjónustu við fatlaða | 1.645.453 | 1.455.510 | 1.645.453 | 1.455.510 |
| Önnur framlög | 97.214 | 73.840 | 97.214 | 73.840 |
| | 2.714.798 | 2.481.135 | 2.714.798 | 2.481.135 |
| **Aðrar tekjur** | | | | |
| Þjónustutekjur | 906.274 | 936.880 | 4.322.435 | 3.706.179 |
| Eignatekjur | 469.374 | 471.804 | 789.321 | 677.234 |
| Endurgreiðslur | 909.105 | 896.419 | 522.679 | 471.411 |
| Aðrar tekjur | 147.616 | 149.324 | 504.392 | 407.398 |
| | 2.432.369 | 2.454.427 | 6.138.827 | 5.262.222 |
| Rekstrartekjur samtals | 14.270.154 | 13.768.256 | 17.933.318 | 16.540.147 |

**Álagningarhlutföll**

| | |
|---|---|
| Útsvar | 14,97% |
| Fasteignaskattar - íbúðarhúsnæði | 0,31% |
| Fasteignaskattar - atvinnuhúsnæði | 1,63% |

# Skýringar

## 4. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | | Fjárhagsáætl. | | Fjárhagsáætl. |
| | 01.01.-30.06. 2024 | 01.01.-30.06. 2024 | 01.01.-30.06. 2024 | 01.01.-30.06. 2024 |
| Laun | 6.704.109 | 6.644.302 | 7.562.402 | 7.518.683 |
| Launatengd gjöld | 2.058.053 | 2.054.541 | 2.280.425 | 2.284.243 |
| Eignfærð laun | 0 | 0 | (77.844) | 0 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 8.762.162 | 8.698.843 | 9.764.984 | 9.802.926 |

## 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | | Fjárhagsáætl. | | Fjárhagsáætl. |
| | 01.01.-30.06. 2024 | 01.01.-30.06. 2024 | 01.01.-30.06. 2024 | 01.01.-30.06. 2024 |
| Vaxtatekjur | 95.919 | 80.000 | 70.108 | 65.000 |
| Arður af eignarhlutum | 30 | 30 | 30 | 30 |
| Vaxtagjöld | (384.285) | (300.000) | (760.453) | (711.000) |
| Verðbætur og gengismunur | (531.282) | (565.757) | (623.792) | (583.434) |
| Vaxtatekjur frá tengdum félögum | 22.820 | 30.000 | (22.894) | (21.000) |
| Eignfærðir vextir og verðbætur vegna framkvæmda | 38.032 | 40.000 | 44.381 | 41.000 |
| | (758.766) | (715.727) | (1.292.619) | (1.209.404) |

# Skýringar

## 6. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

| | Gjöld | Tekjur | Mismunur | Fjárhags-áætlun |
|---|---|---|---|---|
| Skatttekjur | | 12.500.855 | 12.500.855 | 11.928.628 |
| Félagsþjónusta | 3.736.015 | 788.978 | (2.947.037) | (2.997.479) |
| Heilbrigðismál | 15.522 | 0 | (15.522) | (15.554) |
| Fræðslumál | 6.447.957 | 709.774 | (5.738.183) | (5.747.810) |
| Menningarmál | 724.078 | 45.919 | (678.158) | (659.236) |
| Æskulýðs- og íþróttamál | 2.262.933 | 867.155 | (1.395.779) | (1.459.451) |
| Brunamál og almannavarnir | 378.228 | 244.077 | (134.151) | (207.730) |
| Hreinlætismál | 267.459 | 268.213 | 754 | (49.446) |
| Skipulags- og byggingarmál | 134.970 | 29.064 | (105.906) | (126.635) |
| Samgöngumál | 948.387 | 169.574 | (778.813) | (674.305) |
| Umhverfismál | 227.408 | 31.667 | (195.741) | (184.348) |
| Atvinnumál | 53.369 | 12.735 | (40.634) | (66.752) |
| Sameiginlegur kostnaður | 1.163.449 | 196.976 | (966.473) | (906.738) |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | 368.943 | 0 | (368.943) | (440.000) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 139.904 | 355.040 | 215.136 | 267.256 |
| Aðalsjóður samtals | 16.868.621 | 16.220.028 | (648.593) | (1.339.600) |
| **A-hluta stofnanir:** | | | | |
| Eignasjóður gatna | 124.085 | 218.810 | 94.725 | 93.341 |
| Fasteignir Akureyrarbæjar | 2.145.578 | 2.280.745 | 135.167 | 43.325 |
| Framkvæmdamiðstöð | 343.433 | 272.976 | (70.457) | (91.486) |
| Innri færslur A hluta | (4.367.365) | (4.367.365) | 0 | 0 |
| A hluti samtals | 15.114.352 | 14.625.194 | (489.158) | (1.294.420) |

| | Gjöld | Tekjur | Mismunur | Fjárhags-áætlun |
|---|---|---|---|---|
| **B-hluta fyrirtæki:** | | | | |
| Bifreiðastæðasjóður | 23.275 | 39.806 | 16.531 | (7.770) |
| Byggingasjóður Náttúrufræðistofnunar | (367) | 0 | 367 | 60 |
| Félagslegar íbúðir | 452.137 | 330.565 | (121.572) | (87.393) |
| Gjafasjóður Öldrunarheimila Akureyrarbæjar | 1.976 | 259 | (1.717) | (8) |
| Hafnasamlag Norðurlands b.s | 380.482 | 566.047 | 185.565 | 29.020 |
| Heilsugæslustöðin á Akureyri | 4.638 | 0 | (4.638) | 0 |
| Hlíðarfjall | 355.336 | 355.336 | 0 | 20.181 |
| Norðurorka hf | 2.521.203 | 2.848.379 | 327.175 | 303.420 |
| Strætisvagnar Akureyrar | 244.234 | 244.234 | 0 | (8.542) |
| Innri færslur A og B hluta | (726.418) | (710.745) | 15.673 | 0 |
| A og B hluti samtals | 18.370.848 | 18.299.074 | (71.773) | (1.045.452) |

# Skýringar

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

### A hluti

| | Fasteignir og lóðir | Veitukerfi og götur | Vélar, áhöld og tæki | Leigðar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 44.065.107 | 3.454.603 | 2.439.786 | 588.952 | 50.548.448 |
| Eignfært á tímabilinu | 558.713 | 0 | 7.487 | 764.535 | 1.330.734 |
| Selt og aflagt á tímabilinu | 0 | 0 | (8.622) | 0 | (8.622) |
| Staða 30.06.2024 | 44.623.820 | 3.454.603 | 2.438.651 | 1.353.487 | 51.870.560 |
| **Afskriftir** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 12.779.142 | 1.365.414 | 1.076.396 | 443.744 | 15.664.697 |
| Afskrift tímabilsins | 318.813 | 69.047 | 133.975 | 23.185 | 545.019 |
| Selt og aflagt á tímabilinu | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Staða 30.06.2024 | 13.097.955 | 1.434.461 | 1.210.371 | 466.929 | 16.209.716 |
| **Bókfært verð** | | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 31.285.965 | 2.089.188 | 1.363.391 | 145.208 | 34.883.751 |
| Bókfært verð 30.06.2024 | 31.525.865 | 2.020.141 | 1.228.280 | 886.558 | 35.660.844 |
| Afskriftarhlutföll | 2,5-4% | 4% | 5-33,3% | 4-20% | |

### A og B hluti

| | Fasteignir og lóðir | Veitukerfi, hafnam.virki og götur | Vélar, áhöld og tæki | Leigðar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 50.084.713 | 29.550.062 | 4.891.081 | 588.952 | 85.114.808 |
| Eignfært á tímabilinu | 773.349 | 952.531 | 113.813 | 764.535 | 2.604.228 |
| Selt og aflagt á tímabilinu | 0 | 0 | (35.511) | 0 | (35.511) |
| Staða 30.06.2024 | 50.858.062 | 30.502.593 | 4.969.384 | 1.353.487 | 87.683.526 |
| **Afskriftir** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 15.091.740 | 10.576.732 | 2.377.416 | 443.744 | 28.489.632 |
| Afskrift tímabilsins | 390.103 | 414.360 | 223.316 | 23.185 | 1.050.963 |
| Selt og aflagt á tímabilinu | 0 | 0 | (24.200) | 0 | (24.200) |
| Staða 30.06.2024 | 15.481.842 | 10.991.092 | 2.576.532 | 466.929 | 29.516.395 |
| **Bókfært verð** | | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 34.992.973 | 18.973.330 | 2.513.666 | 145.208 | 56.625.176 |
| Bókfært verð 30.06.2024 | 35.376.220 | 19.511.501 | 2.392.852 | 886.558 | 58.167.130 |
| Afskriftarhlutföll | 2,5-4% | 4% | 5-33,3% | 4-22% | |

Afskriftir tímabilsins greinast þannig:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 545.019 | 1.050.963 |
| Óefnislegar eignir | 0 | 1.794 |
| | 545.019 | 1.052.757 |

# Skýringar

## 8. Viðskiptavild

| | A og B hluti | |
|---|---|---|
| | 30.06.2024 | 31.12.2023 |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 3.587 | 10.762 |
| Gjaldfærsla tímabilsins | (1.794) | (7.175) |
| Bókfært verð í lok tímabilsins | 1.794 | 3.587 |

## 9. Eignarhlutar í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum

| | Eignarhlutur | Bókfært verð | Fært í rekstrarr. |
|---|---|---|---|
| **Eignarhlutar í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum** | | | |
| Flokkun Eyjafjörður ehf., Akureyri | 77,75% | 40.521 | 0 |
| Norak ehf., Akureyri | 33,33% | 74.457 | 10.716 |
| Tengir hf., Akureyri | 38,41% | 359.086 | 0 |
| | | 474.064 | 10.716 |

## 10. Stofnframlög og eignarhlutir í öðrum félögum

| | Eignarhlutur | A hluti Bókfært verð | A og B hluti Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| **Eignarhlutar í öðrum félögum** | | | |
| Greið leið ehf., Akureyri | 49,8% | 186.196 | 186.196 |
| Skógarböð ehf., Akureyri | 4,5% | 0 | 29.412 |
| Þekkingarvörður ehf. | 14,3% | 430 | 430 |
| Landskerfi bókasafna hf., Reykjavík | 2,8% | 4.079 | 4.079 |
| Laxá hf., Akureyri | 20,8% | 29.369 | 29.369 |
| Lánasjóður sveitarfélaga ohf., Reykjavík | 5,5% | 485.909 | 485.909 |
| Molta ehf. | 15,0% | 25.000 | 25.000 |
| NetOrka hf., Hafnarfirði | 7,7% | 0 | 10.364 |
| Dysnes ehf. | 20,0% | 0 | 2.250 |
| Norðurvegur ehf., Akureyri | 17,8% | 3.000 | 3.000 |
| Vistorka ehf. | 100,0% | 0 | 500 |
| Hlíðarhryggur ehf. | 25,0% | 2.000 | 2.000 |
| Brynja hússjóður, stofnframlag | | 0 | 70.621 |
| Bjarg íbúðafélag, stofnframlag | | 0 | 90.518 |
| Aðrir eignarhlutir | | 0 | 8 |
| | | 735.984 | 939.657 |
| Niðurfærsla hlutabréfaeignar | | (192.763) | (192.763) |
| | | 543.221 | 746.894 |

# Skýringar

## 11. Langtímakröfur

Langtímakröfur greinast þannig:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Langtímakrafa á ríkissjóð vegna hjúkrunarheimilis | 1.300.266 | 1.300.266 |
| Aðrar langtímakröfur | 64.439 | 0 |
| | 1.364.705 | 1.300.266 |
| Næsta árs afborganir | (84.458) | (81.516) |
| | 1.280.247 | 1.218.750 |

Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Næsta árs afborganir | 84.458 | 81.516 |
| Afborganir 01.07.2025-30.06.2026 | 84.594 | 81.516 |
| Afborganir 01.07.2026-30.06.2027 | 84.735 | 81.516 |
| Afborganir 01.07.2027-30.06.2028 | 84.883 | 81.516 |
| Afborganir 01.07.2028-30.06.2029 | 85.038 | 81.516 |
| Afborganir 01.07.2029-30.06.2030 | 85.199 | 81.516 |
| Afborganir síðar | 855.798 | 811.170 |
| | 1.364.705 | 1.300.266 |

## 12. Skattskuldbinding

| Skattskuldbinding skiptist þannig: | A og B hluti |
|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 269.859 |
| Frestaður gengismunur | 2.353 |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap | (56.133) |
| Aðrir liðir | 7.543 |
| | 223.621 |

## 13. Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Breytingar á niðurfærslu óinnheimtra skatttekna og viðskiptakrafna greinist þannig:

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 30.06.2024 | 31.12.2023 | 30.06.2024 | 31.12.2023 |
| Staða í ársbyrjun | 456.134 | 358.786 | 489.721 | 387.745 |
| Gjaldfærð (-tekjufærð) niðurfærsla á tímabilinu | 5.887 | 108.496 | 13.339 | 119.782 |
| Tapaðar viðskiptakröfur á tímabilinu | 633 | (11.148) | 726 | (17.806) |
| Staða í lok tímabilsins | 462.654 | 456.134 | 503.786 | 489.721 |

## 14. Eigið fé

Yfirlit yfir eiginfjárreikning:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2024 | 16.746.981 | 27.023.383 |
| Aðrar breytingar | 0 | (701) |
| Rekstrarniðurstaða tímabilsins | (489.158) | (71.773) |
| Eigið fé 30.06.2024 | 16.257.823 | 26.950.909 |

## 15. Lífeyrisskuldbinding

Tryggingafræðileg úttekt fór fram á áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar í árslok 2023. Niðurstöður úr þeim útreikningum hafa verið framreiknaðar með breytingu á vísitölu lífeyrisskuldbindinga á árinu 2024 og nema uppreiknaðar skuldbindingar A hluta 5.529 millj. kr. og A og B hluta 6.008 millj. kr. þann 30.06.2024. Auk þess hefur verið færð hjá A hluta skuldbinding vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að fjárhæð 264 millj. kr. þann 30.06.2024. Ennfremur kom inn skuldbinding á árinu 2023 vegna skuldar við Brú, lífeyrissjóð sveitarfélaga og nemur skuldbindingin 378 millj. kr. þann 30.06.2024.

Breyting skuldbindinanna greinist þannig:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding 1.1.2024 | 6.059.144 | 6.528.707 |
| Greitt á tímabilinu | (257.020) | (258.345) |
| Gjaldfært á tímabilinu | 368.943 | 377.915 |
| Lífeyrisskuldbinding 30.06.2024 | 6.171.067 | 6.648.277 |
| Næsta árs afborganir lífeyrisskuldbindinga | (229.286) | (245.592) |
| Langtímahluti lífeyrisskuldbindinga 30.06.2024 | 5.941.781 | 6.402.685 |

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Árin 2024 - 2038 | 2.699.843 | 2.891.974 |
| Síðar | 3.471.224 | 3.756.303 |
| | 6.171.067 | 6.648.277 |

Til viðbótar við ofangreinda 6.008 milljóna króna skuldbindingu Akureyrarbæjar vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar hvíldu samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á lífeyrissjóðnum umtalsverðar skuldbindingar eða um 5.182 milljónir króna í árslok 2023 á öðrum stofnunum og fyrirtækjum. Þar er einkum um að ræða opinbera aðila í eigu ríkisins og eru þeir að greiða viðbótarframlög vegna þessa. Þar sem Akureyrarbær ábyrgist allar skuldbindingar sjóðsins samkvæmt samþykktum hans þá er sveitarfélagið í raun líka í bakábyrgðum fyrir þessum öðrum skuldbindingum. Að mati stjórnenda Akureyrarbæjar bera viðkomandi stofnanir og fyrirtæki ábyrgð á sínum skuldbindingum þó ekki hafi verið gengið frá formlegum samningum í því sambandi og því hefur ekkert verið fært í árshlutareikninginn vegna þessa.

# Skýringar

## 16. Langtímaskuldir

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 30.06.2024 | 31.12.2023 | 30.06.2024 | 31.12.2023 |
| Skuldir vegna stofnframlaga | 0 | 0 | 97.856 | 97.856 |
| Skuldir í EUR | 0 | 0 | 1.145.385 | 1.157.693 |
| Skuldir í ISK | 17.857.998 | 17.789.187 | 28.142.344 | 27.568.954 |
| | 17.857.998 | 17.789.187 | 29.385.585 | 28.824.502 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (989.442) | (969.097) | (1.543.221) | (1.521.523) |
| Langtímaskuldir í lok tímabilsins | 16.868.556 | 16.820.090 | 27.842.364 | 27.302.980 |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Næsta árs afborganir | 989.442 | 1.543.221 |
| Afborganir 01.07.2025-30.06.2026 | 1.017.312 | 1.582.481 |
| Afborganir 01.07.2026-30.06.2027 | 1.046.472 | 1.623.554 |
| Afborganir 01.07.2027-30.06.2028 | 1.076.988 | 2.503.036 |
| Afborganir 01.07.2028-30.06.2029 | 1.108.933 | 1.711.628 |
| Afborganir 01.07.2029-30.06.2030 | 1.142.381 | 1.758.943 |
| Afborganir síðar | 11.476.470 | 18.662.721 |
| | 17.857.998 | 29.385.585 |

## 17. Leigusamningar

Sveitarfélagið hefur gert fjóra leigusamninga um fasteignir sem færðir eru til skuldar. Leigusamningarnir eru tengdir vísitölu. Leigusamningarnir greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Leiguskuldir þ.m.t. næsta árs afborgun | 1.021.044 |
| Næsta árs afborgun | (95.635) |
| Langtímahluti leiguskuldar | 925.409 |

Aðrar upplýsingar um leigusamninga:

| | Leigutími | Afvöxtunar-stuðull | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Furuvellir 1 | 2022-2027 | 5% | 74.878 |
| Glerárgata 26 | 2024-2040 | 8,5% | 764.535 |
| Tröllagil 29 | 2004-2029 | 5% | 138.985 |
| Bugðusíða 3 | 2021-2026 | 5% | 42.646 |
| | | | 1.021.044 |

Ónúvirtar lágmarksleigugreiðslur samninga greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Næsta árs afborganir | 170.896 |
| Afborganir 01.07.2025-30.06.2026 | 170.896 |
| Afborganir 01.07.2026-30.06.2027 | 141.145 |
| Afborganir 01.07.2027-30.06.2028 | 119.245 |
| Afborganir 01.07.2028-30.06.2029 | 119.245 |
| Afborganir 01.07.2029-30.06.2030 | 90.810 |
| Afborganir síðar | 860.195 |
| | 1.672.431 |

# Skýringar

## 18. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

| | Eignarhluti | Eignir | Skuldir | Eigið fé |
|---|---|---|---|---|
| Aðalsjóður | 100% | 17.590.681 | 16.530.180 | 1.060.500 |
| Eignasjóður gatna | 100% | 18.590.205 | 1.771.546 | 16.818.659 |
| Fasteignir Akureyrarbæjar | 100% | 19.104.147 | 20.416.316 | (1.312.169) |
| Framkvæmdamiðstöð | 100% | 262.972 | 572.138 | (309.167) |
| Innri færslur A hluta | 100% | (9.271.559) | (9.271.559) | 0 |
| A hluti samtals | | 46.276.445 | 30.018.622 | 16.257.823 |
| Bifreiðastæðasjóður | 100% | 253.455 | 1.200 | 252.255 |
| Byggingasjóður Náttúrufræðistofnunar | 100% | 16.250 | 0 | 16.250 |
| Félagslegar íbúðir | 100% | 2.450.027 | 4.007.076 | (1.557.048) |
| Gjafasjóður Öldrunarheimila Akureyrarbæjar | 100% | 10.329 | 2.725 | 7.604 |
| Hafnasamlag Norðurlands b.s. | 98% | 3.104.325 | 295.612 | 2.808.713 |
| Heilsugæslustöðin á Akureyri | 100% | 0 | 349.065 | (349.065) |
| Hlíðarfjall | 100% | 585.043 | 585.043 | 0 |
| Norðurorka hf. | 98% | 19.452.887 | 9.261.527 | 10.191.360 |
| Strætisvagnar Akureyrar | 100% | 234.908 | 256.842 | (21.935) |
| Innri færslur A og B hluta | | (3.497.434) | (2.577.077) | (920.356) |
| Heildarstaða sveitarfélagsins 30.06.2024 | | 68.886.236 | 42.200.635 | 26.685.601 |
| Hlutdeild minnihlutaeigenda | | 460.351 | 195.044 | 265.308 |
| Heildarstaða eigna og skulda 30.06.2024 | | 69.346.587 | 42.395.678 | 26.950.909 |

## 19. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í bæjarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Öll viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og í viðskiptum við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.